



Borgarráð

Kambavað 5 - Úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Félagsbústöðum hf. kt. 510497-2799, byggingarrétt fyrir 700 fermetra byggingu á lóðinni Kambavað 5. Verð byggingarréttar er greiðsla á gatnagerðargjaldi kr. 7.775.600.-, miðað við 700 fermetra hámarksbyggingarrétt.

Gatnagerðargjaldið greiðist innan 45 daga frá staðfestingu borgarráðs um lóðaúthlutun.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærri hús á lóðinni er nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þá gildir.

Tengigjald fráveitu áætlast kr. 395.494.- fyrir lóðina miðað við byggingavísitölu september mánaðar og annast Veitur innheimtu gjaldsins.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs getur borgarráð afturkallað úthlutun lóðar, sbr. grein 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið leigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Um skilyrði til framsals lóða og fyrir gerð lóðarleigusamnings vísast til 1.16. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum. Heimilt er að ganga frá lóðarleigusamning þegar kaupverð er greitt, sbr. grein 1.16 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðirnar almennir lóða og framkvæmdaskilmálar frá því í júní 2013 sem finna má á heimasíðu Reykjavíkurborgar og deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðina sem auglýstir voru í B-deild stjórnartíðinda 6. maí 2015.

Hrólfur Jónsson

